

Ársfundur Þekkingarsetursins Nýheima 24. mars 2017

Fjórði ársfundur Þekkingarsetursins Nýheima (ÞN) haldinn í Nýheimum föstudaginn 24. mars 2017 kl. 15:00.

Eyjólfur Guðmundsson var fundarstjóri og Huguín Harpa Reynisdóttir fundarritari. Eyjólfur setti fundinn, bauð fundargesti velkomna og fór yfir dagskrá fundar.

Málefni fundarins:

I. Skýrsla Stjórnar

Huguín Harpa forstöðumaður ÞN kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir starfsemi síðasta árs og þróun starfseminnar sem hefur tekið umtalsverðum breytingum og aukist að umfangi.

II. Ársreikningur 2016

Kristín Hermannsdóttir fór yfir ársreikning og gerði grein fyrir helstu liðum hans. Hagnaður varð af rekstri stofnunarinnar á árinu að fjárhæð 1,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og nam eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 7,5 millj. kr. Fyrirspurnir komu frá fundarmönnum um einstaka liði hans en engar athugasemdir voru gerðar við ársreikning 2016 og var hann samþykktur.

III. Breytingar á aðild að stofnuninni

Í samræmi við skipulagsskrá Þekkingarsetursins Nýheima heldur stjórn skrá yfir aðila að stofnuninni. Eyjólfur fór yfir aðildarskrá og gerði grein fyrir því að ekki hefði orðið breyting á aðild að stofnuninni árið 2016. Gerði hann um leið grein fyrir því að Vöruhúsið bættist nú í upphafi árs við hóp aðila ÞN.

IV. Endurskoðuð skipulagsskrá lögð fram til samþykktar

Á síðasta ársfundi var ákveðið að hefja vinnu við heildarendurskoðun á skipulagsskrá ÞN. Lögð var fram tillaga um breytingar á skipulagsskrá. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og forstöðumanni falið að vinna að framgangi málsins.

V. Kjör í embætti

Lögð var fram tillaga um skipan í embætti stjórnar og var hún samþykkt, skipað er í embætti til tveggja ára.

Formaður: Kristín Hermannsdóttir

Varaformaður: Vilhjálmur Magnússon

Gjaldkeri: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Ritari: Eyjólfur Guðmundsson

VI. Önnur mál

Umræður sköpuðust um samninginn við SASS, þau tækifæri sem felast í því samstarfi og verkefnum sem fylgja samningnum.

Eyjólfur lagði áherslu á mikilvægi þess að koma á skýrara samstarfi milli Nýheima og sveitarstjórnar.

HHR
EG

Fleira ekki rætt. Fundi slitið klukkan 16:15

Hugrún Harpa Reynisdóttir
Evin Afes Guðmundsson